




ÍSAFJARÐARBÆR

Deiliskipulag

HNÍFSDALUR

Skólavegur - Dalbraut



Skipulags
stofnun

Mótt.: 12 JULI 2010

Málnr.
2010040065



Greinargerð

17. mars 2010

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í Umhverfisstofud þann 7/4 2010 og í Bæjarstjórn þann 15/4 2010.

Tillagan var auglýst frá 21/4 2010 með athugasemdafresti til 2/6 2010.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20____.



Engar athugasemdir bárust við tillöguna á auglýsingartíma.

Efnisyfirlit

1	Forsendur	4
1.1	Markmið.....	4
1.2	Málsmeðferð og kynning	4
1.3	Önnur skipulagsgögn	4
1.4	Staða skipulags.....	4
1.5	Staðhættir.....	4
1.5.1	Skipulagssvæðið.....	4
1.5.2	Fyrirliggjandi byggð	5
1.5.3	Útivist	7
1.5.4	Menningarminjar	7
1.5.5	Náttúruvá	7
1.5.6	Verndarákvæði.....	9
2	Deiliskipulag.....	11
2.1	Landnotkun	11
2.2	Landmótun	11
2.3	Lóðir.....	11
2.4	Nýtingarhlutfall	11
2.5	Byggingarreitir	12
2.6	Gerð húsa	12
2.7	Bílastæði.....	12
2.8	Hverfisvernd	12
2.9	Skýringarmyndir	14
3	Heimildir.....	16

1 Forsendur

1.1 Markmið

Markmiðið með deiliskipulagi þessu er að efla íbúðarsvæði í Hnífsdal með nýjum lóðum og auknum möguleikum til viðhalds og endurbóta á núverandi byggð. Áhersla er lögð á verndun gamalla húsa og að viðhalda sérkennum byggðarinnar.

1.2 Málsmeðferð og kynning

Vinna við gerð deiliskipulagsins hófst vorið 2008. Á 293. fundi sínum þann 30.6.2008 lagði umhverfisnefnd til við bæjarstjórn að deiliskipulagið yrði auglýst. Bæjarstjórn samþykkti tillögu umhverfisnefndar á 247. fundi sínum þann 4.9.2008. Deiliskipulagið var þó ekki auglýst og lá vinna við það niðri í rúmt ár.

Á 328. fundi umhverfisnefndar, þann 10.3.2010, var deiliskipulagið tekið fyrir að nýju en erindinu frestað. Breytt tillaga var tekin fyrir á 329. fundi nefndarinnar þann 7.4.2010, þar sem lagt var til við bæjarstjórn að hún auglýsti framkomna deiliskipulagstillögu. Á 275. fundi sínum, þann 15. apríl 2010, samþykkti bæjarstjórn tillögu umhverfisnefndar.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma tillögunnar. Á 333. fundi sínum, þann 7. júní 2010, lagði umhverfisnefnd til við bæjarstjórn að tillagan yrði samþykkt.

1.3 Önnur skipulagsgögn

Deiliskipulagstillaga, dags. 17. mars 2010. HNÍFSDALUR, Skólavegur – Dalbraut. Uppdráttur 1:1000 / A2.

1.4 Staða skipulags

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Í aðalskipulaginu er allt svæðið, sem deiliskipulagið tekur til, skilgreint fyrir íbúðarbyggð, fyrir utan lítið svæði við Bakkaveg sem er skilgreind fyrir þjónustustofnanir. Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á verndun gamalla húsa í Hnífsdal. Þar er gert ráð fyrir að elsta byggðin njóti hverfisverndar þar sem ákvæðin lúta að verndun húsa og byggðamynsturs og áhersla lögð á að endurreisa horfin hús. Hverfisverndarsvæðið nær til nyrsta hluta skipulagssvæðisins.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

1.5 Staðhættir

1.5.1 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er tæpir 2,85 ha að stærð og nær til reits sem afamarkast af Skólavegi, Hreggnasa, Ísafjarðarvegi, Dalbraut og Garðavegi. Á svæðinu er nær

eingöngu íbúðarbyggð en við Bakkaveg er fyrrum barnaskóli sem nú hýsir kapellu og ýmiskonar félagastarfsemi.

Þjóðvegur 61 Djúpvegur liggur um Ísafjarðarveg og Hreggnasa og verða því íbúar á skipulagssvæðinu, næst veginum, fyrir nokkrum óþægindum. Fyrra aðalskipulagi var breytt vegna fyrirhugaðra jarðganga til Bolungarvíkur. Sem mótvægisáðgerð vegna aukinnar umferðar með tilkomu ganganna, var þjóðvegurinn færður sjávarmegin við byggð í Hnífsdal. Ísafjarðarvegur og Hreggnasi breytast því úr stofnbraut í safnbraut. Nú er unnið að þessum breytingum og munu aðstæður breytast á skipulagssvæðinu og möguleiki verður á meiri nýtingu á austurhluta þess.

1.5.2 Fyrirliggjandi byggð

Á seinni hluta 19. aldar byrjaði þorp að myndast við ósa Hnífsdalsár. Í fyrstu voru það stöku tómt húsmenn og fjölskyldur þeirra sem bjuggu í sjóbúðum, en þeim fjölgaði hratt á síðustu áratugum 19. aldar. Fyrstu íbúðarhúsin, sem mynduðu þéttbýlið, voru byggð í lok aldarinnar og fjölgaði íbúum hratt í upphafi 20. aldar. Fyrsta timburhúsið í Hnífsdal var reist á Bakka árið 1874.


Innan skipulagssvæðisins standa nú fjögur hús sem eru reist fyrir 1918, þ.e. Bakkavegur 2, Hreggnasi 10 og 12 og Ísafjarðarvegur 6. Húsin við Bakkaveg og Hreggnasa njóta hverfisverndar, en ekki húsið við Ísafjarðarveg. Það hús stendur stakt og er að vissu leiti kennileiti á svæðinu.

Tafla 1 Byggingarár húsa á skipulagssvæðinu. Fyrsta ártalið sýnir byggingarár íbúðarhúss, en önnur ártöl eiga við bílskúra og viðbyggingar.

	Byggingarár	Annað
Bakkavegur 1	1934/1960/1994	
Bakkavegur 2	1915	Álit húsafriðunarnefndar v/ breytinga á húsi, flutnings eða niðurrifs. Innan hverfisverndarsvæðis
Bakkavegur 3	1953/1967	
Bakkavegur 4	1954/1955	
Bakkavegur 4b	1922/1999	
Bakkavegur 5	1953	
Bakkavegur 6	1954	
Bakkavegur 8	1956/1963	
Bakkavegur 9	1955	
Bakkavegur 10	1963	
Dalbraut 10	1967/1975	
Dalbraut 12	1957/1980	
Garðavegur 2	1980	
Garðavegur 4	1980	
Garðavegur 6	1980	
Heiðarbraut 2	1966	

Heiðarbraut 3	1966/1973	
Heiðarbraut 4	1965	
Heiðarbraut 5	1966	
Heiðarbraut 6	1966/1980	
Heiðarbraut 7	1966	
Heiðarbraut 8	1960	
Heiðarbraut 12	1969/1962	
Hreggnasi 10	1912	Álit húsafriðunarnefndar v/ breytinga á húsi, flutnings eða niðurrifs. Innan hverfisverndarsvæðis
Hreggnasi 12	1910/1929	Álit húsafriðunarnefndar v/ breytinga á húsi, flutnings eða niðurrifs. Innan hverfisverndarsvæðis
Ísafjarðarvegur 2	1963/1999	
Ísafjarðarvegur 4	1940/1967	
Ísafjarðarvegur 6	1902	Álit húsafriðunarnefndar v/ breytinga á húsi, flutnings eða niðurrifs
Skólavegur 1	1921	
Skólavegur 3	1951/1981	
Skólavegur 5	1927/1965	
Skólavegur 7	1958	
Skólavegur 9	1958/1974	

Flest húsin sem nú eru á skipulagssvæðinu eru byggð á 6. og 7. áratug 20. aldar, eða 21 talsins. Á svæðinu eru einnig 9 hús sem eru byggð fyrir miðja öldina. Aðeins þrjár íbúðir (raðhús) hafa verið byggðar á svæðinu eftir 1969 enda svæðið þá talið fullbyggt.



Mynd 1. Fjöldi núverandi húsa miðað við byggingarár.

Skv. 6. gr. laga nr. 104/2001 um húsafriðun eru öll hús friðuð sem reist eru fyrir 1850. Að auki er eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

1.5.3 Útivist

Einn af helstu kostum Hnífsdals eru góðir útivistarmöguleikar. Byggðin liggur yst í dalnum sem er alllangur og grasi gróinn. Hnífsdalsá rennur til sjávar um hann miðjan og sker byggðina í tvennt. Umhverfis ána eru góð útivistarsvæði sem eru í mikilli nálægð við íbúðarbyggðina.

1.5.4 Menningarminjar

Skv. Fornleifaskráningu í Ísafjarðarbæ eru skráðar um 25 minjar í landi Bakka. Allmörg hús og skilgreindar lóðir virðast hafa verið í landinu.


Mestur hluti skipulagssvæðisins er þegar byggður, þannig að ekki er líklegt að minjar hafi varðveist á svæðinu. Mestar líkur eru á fornminjum á svæðinu í kringum Ísafjarðarveg 6. Þar hefur ekki verið byggt í seinni tíð, þó hafa tún verið sléttuð.

1.5.5 Náttúruvá

Veðurstofa Íslands vann hættumat vegna ofanflóða fyrir Hnífsdal sem birtist í greinargerð og korti dags. apríl 2003. Skv. matinu er stór hluti byggðar í Hnífsdal á hættusvæðum.

Rúmir 1,6 ha skipulagssvæðisins eru á hættusvæði en þó aðeins 0,12 ha á hættusvæði C þar sem áhættan er mest. Skv. reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða, skal öryggi tryggt á hættusvæði C með varanlegum varnavirkjum eða uppkaupum.

Aðgerðaráætlun Ísafjarðar vegna snjóflóðavarna í Skutulsfirði og Hnífsdal var samþykkt á 147. fundi bæjarstjórnar 25. september 2003. Þar er gert ráð fyrir að öryggi verði tryggt með varnavirkjum en ekki uppkaupum. Suðurhluti Hnífsdals, þar sem skipulagssvæðið liggur, er síðast í forgangsröðun um varnir fyrir sex hverfi Ísafjarðarbæ.



Mynd 2. Hnífsdalur. Hættumatskort. Veðurstofa Íslands apríl 2003.

Skipulagssvæðið telst til þegar byggðra svæða og er því heimilt að reisa ný íbúðarhús í samræmi við 19. gr. reglugerðar 505/2000.

Þar til öryggi á **hættusvæði C** hefur verið tryggt er allt eðlilegt viðhald og endurbætur á húsum heimilt ef heildaráhætta eykst ekki. Bygging bílskúra, viðbygginga, sólskýla o.þ.h. er því heimil. Breyting á núverandi notkun íbúðarhúsa s.s. innrétting nýrra íbúða, rekstur heimagistingar er ekki heimil enda eykur það heildaráhættuna. Atvinnuhúsnæði má einnig breyta ef áhættan eykst ekki s.s. með fjölgun starfsmanna. Heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða vinnu s.s. dælu- og spennistöðvar enda skapi það ekki hættu fyrir fyrirliggjandi byggð. Ný íbúðar- eða atvinnuhús eru ekki heimil en heimilt er að reisa frístundahús ef áhætta er minni en $5 \cdot 10^{-4}$.

Á **hættusvæði B** er heimilt að byggja nýtt atvinnuhúsnæði án styrkinga. Ný íbúðarhús og fjölbýlishús með allt að fjórum íbúðum eru heimil með styrkingum. Ekki er heimilt að reisa nýja skóla, sjúkrahús, samkomuhús eða fjölbýlishús með fleiri en fjórum íbúðum.

Á **hættusvæði A** er heimilt að byggja nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði án styrkinga. Skóla, sjúkrahús, samkomuhús eða fjölbýlishús með fleiri en fjórum íbúðum er heimilt að reisa með styrkingum.

1.5.6 Verndarákvæði

Fjórar lóðir auk óbyggðs svæðis í nyrsta hluta skipulagssvæðisins eru innan hverfisverndarsvæðis sem skilgreint er í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, þ.e. Skólavegur 1, Hreggnasi 10 og 12 og Bakkavegur 2.

Ákvæði hverfisverndarinnar aðalskipulagsins eru:

Byggingar.

Hús sem eru byggð fyrir 1918 og eru uppistandandi skulu gerð upp að utan skv. rammaskipulagi. Miða skal við upprunalegt horf eða það horf sem viðheldur verndargildi hússins sem best.

Hús með verndargildi skulu ekki fjarlægð.

Heimilt er að færa til hús með verndargildi þannig að það falli betur að byggðinni enda verði sýnt fram á það að um heildarhagsmuni sé að ræða.

Heimilt er að endurbyggja, að hluta eða í heild, hús með verndargildi. Leitast skal við að halda í þá hluti sem nýtanlegir eru.

Hvetja skal til þess að endurreisa horfin hús sem líkleg eru til að bæta heildaryfirbragð hverfisins eða eru sögulega mikilvæg.

Staðsetning og mótun nýrra bygginga á hverfisvernduðu svæði skal falla að hefðum og arkitektúr þess tíma sem miðað er við í uppbyggingu hverfisins.

Heimilt er að breyta yfirbragði húss þannig að það falli betur að yfirbragði hverfisins og einkennandi arkitektúrs þess tíma er hverfið byggðist upp. Þetta á ekki við ef húsið er talið hafa verndargildi, vegna sögu eða arkitektúrs, í núverandi mynd.

Hugað skal sérstaklega að gæðum í efnisvali og handverki. Sýnilegir hlutar skulu ekki vera falskir, s.s. lausir gluggapóstar eða eftirlíkingar af timburklæðningum.

Heimilt er að byggja við hús á svæðinu. Viðbyggingar skulu hafa sama yfirbragð og aðalbyggingin, þ.e. í samræmi við þann arkitektúr sem einkennir húsið. Efnisval í viðbyggingum skal vera það sama og í aðalbyggingunni. Stærð viðbygginga skal vera þannig að aðalbygging haldi sínum sessi.

Við allar breytingar og nýbyggingar húsa skal vernda heilleika bygginga og taka mið af yfirbragði byggðar, staðsetningar á lóð, byggingarmagns á svæðinu, hlutfalla, hæðar, þakforma, lína, rytma, efnisnotkunar og annars útlits, s.s. glugga, girðinga og annarra mannvirkja á lóð.

Ákvæðin verða nánar útfærð í rammaskipulagi hverfisvernduðu svæðanna.

Umhverfi og önnur ákvæði

Umhverfi húsa og á almenningssvæðum skal vera í samræmi við hefðir og arkitektúr þess tíma sem miðað er við í uppbyggingu hverfisins. Þetta á við um girðingar, lýsingu, yfirborðsefni, almenningsefni

o.þ.h. Hugað skal að heildar ásjón hverfisins með metnaðarfullum aðgerðum og útfærslum, s.s. hellulögnum gatna og gangstétta.

Fyrirkomulag lýsingar skal ákveðið í rammaskipulagi. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir, þannig að lýsingin undirstriki einkenni byggðarinnar. Jafnframt skal hugað að öryggi og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af.

Áhersla verði á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu og menningar á svæðinu.

Gömul örnefni og gönguleiðir verði endurvakin og notuð. Jafnframt verði aðgengi almennings að menningar- og náttúruminum tryggt.

2 Deiliskipulag

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir sex nýjum lóðum en að ein fyrri lóð verði felld út. Gert er ráð fyrir möguleikum til að auka byggingarmagn á öllum lóð, nema einni. Jafnframt er áhersla lögð á verndun elstu byggðarinnar í samræmi við gildandi aðalskipulag. Deiliskipulagið tekur mið af gildandi hættumati vegna ofanflóða og þeim takmörkunum sem því fylgja.

2.1 Landnotkun

Fyrir utan lóðina Bakkavegur 9 er allt skipulagssvæðið ætlað fyrir íbúðarbyggð. Á Bakkavegi 9 er kapella og ýmis félagastarfsemi, en áður var þar barnaskóli. Á lóðinni er einnig leiksvæði hverfisins. Við norðurhlíð lóðar nr. 4 við Ísafjarðarveg er bæjarland.

Á skilgreindum hættusvæðum skulu vera að hámarki fjórar íbúðir innan hvorrar lóðar. Ekki er þó heimilt að fjölga íbúðum á hættusvæði B og C, miðað við það sem er við gildistöku skipulagsins.

2.2 Landmótun

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum breytingum á landhæð eða legu gatna. Á lóðum númer 6 og 8 við Dalbraut gæti þurft að aðlaga landið að götu vegna aðkomusvæða. Þetta á einnig við um Skólaveg 2 og Hreggnasa 8.

2.3 Lóðir

Miðað er við að halda lóðum almennt í óbreyttri lögun eða sem líkastar því sem þær hafa verið. Þó er gert ráð fyrir að fella út lóðina Bakkaveg 4b og stækka aðliggjandi lóðir. Jafnframt er gert ráð fyrir að minnka lóðina Ísafjarðarvegur 6 úr 2.969 m² í 1.160,8 m². Við það myndast aukið rými fyrir fjórar nýjar lóðir. Nýjar lóðir við Dalbraut eru allstórar til að auka svigrúm m.t.t. ofanflóðahættu.

Á lóð númer 8 við Dalbraut stendur eldra útihús. Heimilt er að fjarlægja húsið eða að gera það upp og nýta sem geymslu eða bílskúr. Ekki er heimilt að breyta því í íbúð.

Lóðirnar Skólavegur 2 og Hreggnasi 8, sem eru nýjar, eru innan hverfisverndarsvæðis. Innan þeirra gilda ákvæði hverfisverndar eins og á lóðunum Skólavegur, Hreggnasi 10 og 12 og Bakkavegur 2.

Á bæjarlandinu við Ísafjarðarveg 4 er gert ráð fyrir vistlegum reit með bekk, þar sem íbúar og gangandi geta tyllt sér niður og notið útsýnisins yfir Djúpið. Þar er einnig stoppistöð fyrir strætisvagna.

2.4 Nýtingarhlutfall

Nýtingarhlutfall er breytilegt milli lóða enda eru lóðir mjög mismunandi að stærð. Gert er ráð fyrir að á öllum lóðunum, nema Bakkavegi 9, verði möguleiki á

viðbótum við þær byggingar sem fyrir eru, allt frá rúmum 18 m² upp í rúma 147 m². Bakkavegur 9 telst fullbyggð lóð. Meðalnýtingarhlutfall á svæðinu er um 0,45, hæst er hlutfallið 0,60 en lægst 0,13.

2.5 Byggingarreitir

Innan hvers byggingarreits, á þegar byggðum lóðum, er heimilt að byggja við núverandi byggingu, reisa bílskúr, sólskýli, smáskúr, garðhús o.þ.h. eins og nýtingarhlutfall, sem og útlit húss og lóðar, leyfir. Jafnframt er heimilt að bæta við annarri hæð á einnar hæðar hús, ásamt því að nýta kjallara og ris. Á hættusvæði B og C skulu þessar byggingar ekki leiða til aukinnar heildaráhættu s.s. með innréttingu nýrra íbúða.

Innan byggingarreits á nýjum lóðum er heimilt að reisa 1-2ja hæða íbúðarhús ásamt hugsanlegum kjallara og/eða risi, en jafnframt er heimilt að byggja þar bílskúr, sólskýli, smáskúr, garðhús o.þ.h.

Um smáhús gilda sérstakar reglur sem settar eru af sveitarfélaginu. Hús undir 10 m² mega standa utan byggingarreits, enda samræmist þau skilgreiningu þessara reglna um dúkkuhús (<6 m²) eða smáhús (6-10 m²).

Gert ráð fyrir að eldri hluti hússins á lóðinni Bakkavegur 4b verði flutt á nýja lóð s.s. á Ísafjarðarveg 8 eða 10, Skólagötu 2 eða að Strandgötu sem er á hverfisverndarsvæði (utan skipulagssvæðisins).

2.6 Gerð húsa

Lögð er sérstök áhersla á að viðhalda ásýnd og byggingarstíl byggðarinnar á skipulagssvæðinu. Viðbyggingar skulu vera í sama stíl og aðalbygging lóðarinnar. Utan hverfisverndarsvæðisins er heimilt að breyta heildarútliti húss þannig að það taki mið af byggingarstíl nálægra húsa á skipulagssvæðinu.

Um Bakkaveg 2, Hreggnasa 8, 10 og 12, Skólaveg 1 og 2 og Ísafjarðarveg 6 gilda ákvæði hverfisverndar, sjá kafla 2.8 Hverfisvernd.

Gæta skal þess að byggingar á nýjum lóðum við Ísafjarðarveg og Dalbraut falli vel að yfirbragði hússins á Ísafjarðarvegi 6.

2.7 Bílastæði

Gert er ráð fyrir a.m.k. einu bílastæði á hverri íbúðarlóð, en þar sem aðstæður leyfa er gert ráð fyrir 2-4 stæðum á lóð. Ekki er gert ráð fyrir bílastæðum á lóðinni Bakkavegi 9. Þar er gert ráð fyrir bílastæðum í götu.

2.8 Hverfisvernd

Sex lóðir innan skipulagssvæðisins njóta hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, en fjórar þeirra eru byggðar. Þetta svæði er hluti af stærri heild sem nær yfir elstu byggðina, þ.e. Hreggnasa, Strandgötu og Heimabæjarstíg. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að Ísafjarðarvegur 6 njóti einnig sömu verndarákvæða, enda elsta húsið á svæðinu og nokkurt kennileiti.

Ísafjarðarvegur 6 er timburhús, byggt árið 1902. Íbúðarhúsið að Hreggnasa 12 var byggt úr timbri árið 1910 en byggt var við það árið 1929. Hreggnasi 10 er steinsteypt íbúðarhús sem var byggt 1912. Bakkavegur 2 er timburhús byggt árið 1915. Á Skólavegi 1 er sambyggt íbúðarhús og hjallur úr timbri frá árinu 1921. Sambyggingin gerir húsið sérstakt en einnig er mikilvægt að halda í þá hefð sem tengist staðsetningu hjalla á lóð. Það minnir á sögu Hnífsdals sem sjávarþorps og samræmist markmiðum hverfisverndar aðalskipulagsins.

Hús á ofangreindum lóðum skulu ekki rifin eða flutt burt. Við viðhald húsanna skal miða við að þau verði gerð upp að utan. Miða skal við upprunalegt horf eða það horf sem viðheldur verndargildi hússins sem best. Huga skal sérstaklega að gæðum í efnisvali og handverki. Sýnilegir hlutar skulu ekki vera falskir, s.s. lausir gluggapóstar eða eftirlíkingar af timburklæðningum.

Á lóðum, sem ekki eru þegar byggðar, er heimilt að flytja eldri hús á lóðina eða byggja ný. Húsin skulu samræmast ákvæðum hverfisverndarinnar eins og önnur hús á lóðum innan hverfisverndarsvæðisins.

Heimilt er að byggja við hús á svæðinu. Viðbyggingar skulu hafa sama yfirbragð og aðalbyggingin, þ.e. í samræmi við þann arkitektúr sem einkennir húsið. Efnisval í viðbyggingum skal vera það sama og í aðalbyggingunni. Stærð viðbygginga skal vera þannig að aðalbygging haldi sínum sessi.

Hugað skal sérstaklega að umhverfi húsanna falli vel að arkitektúr hússins og undirstriki einkenni byggðarinnar í upphafi 20. aldar. Þetta á einkum við um girðingar, lýsingu og annað fyrirkomulag á lóð.

Mælst er til að saga eða örnefni svæðisins verði gerð sýnileg á einn eða annan hátt.

Hafa ber í huga, við frágang utandyra, að lóðirnar eru hluti af stærra hverfisverndarsvæði.

Skv. lögum nr. 104/2001 um húsafriðun er eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

2.9 Skýringarmyndir



Mynd 3. Hugsanleg uppbygging á nýjum lóðum við Ísafjaðarveg og Dalbraut.



Mynd 4. Hugsanleg uppbygging á nýjum lóðum við Hreggnasa og Skólaveg.

3 Heimildir

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 ásamt umhverfismatskýrslu.

Aðgerðaráætlun Ísafjarðarbæjar vegna snjóflóðavarna í Skutulsfirði og Hnífsdal.

Hættumatsnefnd Ísafjarðar. Apríl 2003. Mat á hættu vegna ofanflóða í Ísafjarðarbæ, Ísafjörður og Hnífsdalur. Greinargerð og hættumatskort.

Jón Þ. Þór 1988. Saga Ísafjarðar III. bindi. Sögufélag Ísfirðinga, Ísafirði 1988.

Lög nr. 104/2001 um húsafriðun.

Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands. Október 2002.

Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. I. Hluti Eyrarhreppur hinn forni. Svæðisskráning og aðalskráning.

Reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða m.s.br.

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.